

1944

Þriðjudaginn 3. desember 1991.

Nr. 359/1988. **Benedikt Steinhórssón**

gegn

**Helga Þór Jónssyni persónulega og**

**f.h. einkafirma hans,**

**Vélaleigu Helga Jónssonar, og**

**þrotabúi Helga Þórs Jónssonar.**

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Læknaráð. Skriflega flutt mál. Aðfinnslur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. nóvember 1988. Gerir hann þær kröfur, að stefndu verði gert að greiða sér 2.000.000 króna með vöxtum frá 12. ágúst 1985 til greiðsludags, eins og nánar var gerð grein fyrir í skriflegum málflutningi. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu Helga Þórs Jónssonar persónulega og f.h. Vélaleigu Helga Jónssonar var sótt þing fyrir Hæstarétti, en þingsókn féll niður, án þess að kröfur væru gerðar.

Bú stefnda Helga Þórs Jónssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Árnassýslu 30. nóvember 1988. Lýsti áfrýjandi kröfu sinni í búið hinn 28. febrúar 1989. Ekki hefur verið sótt þing í Hæstarétti af hálfu þrotabúsins, en með bréfi skiptaráðandans í Árnassýslu 19. nóvember 1991 var því lýst yfir, að sökum eignaleysis þrotabúsins yrði ekki sótt þing í málinu.

Áfrýjandi krefst þess með vísan til 3. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að dómur í máli þessu „bindi Helga Þór Jónsson persónulega sem og þrotabúi hans“.

Málið hefur verið flutt skriflega fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, brotnaði vinstri hnéskel áfrýjanda í slysi hinn 12. ágúst 1985 á vinnustað hans, er hann starfaði hjá Vélaleigu Helga Jónssonar. Hinn 28. september sama ár varð

áfrýjandi aftur fyrir því, að sama hnéskel brotnaði á öðrum stað og fyrra brot aflagaðist. Var hann þá við innheimtustörf og hrasaði í stiga í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Af hálfu stefnda í héraði var viðurkennd bótaskylda vegna fyrra slyssins, en því hins vegar vísað á bug, að hann bæri bótaábyrgð á síðara slysinu.

Í stefnu áfrýjanda í héraði er einungis lýst slysi því, er varð 12. ágúst 1985. Í greinargerð hans er síðara slyssins getið, þar sem orðrétt er tekið upp úr læknisvottorði. Að öðru leyti er málið ekki reifað í sóknarskjölum í héraði með hliðsjón af því, að um tvö slys var að ræða með u.þ.b. eins og hálf mánaðar millibili. Skortir hér mjög á skýrleik í málatilbúnaði, sbr. d-lið 88. gr. og 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 10. og 12. gr. laga nr. 54/1988.

Niðurstaða héraðsdómara um sýknu stefnda Helga Þórs Jónssonar af kröfum áfrýjanda er á því reist, að áfrýjandi hafi einungis byggt kröfur sínar á örorkumati, sem taki mið af örorku eftir hið síðara slys hinn 28. september 1985. Taldi dómari ekki sannað í málinu, að meiðsl þau, er áfrýjandi hlaut í því slysi, væru sennileg afleiðing fyrra slyssins hinn 12. ágúst 1985. Hafði lækna ráð ályktað, að síðara slysið hefði aukið örorku áfrýjanda, en taldi sér ekki unnt að segja til um, hversu mikið.

Eins og málið lá fyrir héraðsdómaranum, brast upplýsingar um atriði, sem máli skiptu við úrlausn þess. Var dómaranum því rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að beina því til áfrýjanda að afla frekari gagna og þá einkum sérstaks mats á líklegri örorku áfrýjanda af hvoru slysinu fyrir sig eða vísa málinu frá ella. Í stað þessa var málið dæmt án fullnægjandi málflutnings. Með allt ofangreint í huga þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að rétt hefði verið að kveðja til sérfróða meðdómendur í héraði.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

1946

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. september 1988.**

Mál þetta, sem dómtekið var 13. september sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. september 1986, af Benedikt Steinþórssyni, nafnnr. 0998-9943, Austurgötu 47, Hafnarfirði, gegn Helga Jónssyni, nafnnr. 3971-8359, Borgarheiði 12, Hveragerði, persónulega og fyrir hönd einkafyrirtækis hans, Vélaleigu Helga Jónssonar, nafnnr. 9175-3189, Reykjavík.

*Dómkröfur.*

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 2.000.000 kr., ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og til vara, að stefnufjárhæð verði verulega lækkuð. Þá krefst stefndi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

*Málavextir.*

Málavextir eru þeir, að í ágústmánuði 1985 vann stefnandi í þjónustu stefnda á hafnarsvæði Straumsvíkur, þar sem stefnandi rak verktakastarfsemi. Hinn 12. ágúst 1985 slasaðist stefnandi við vinnu sína. Tildrög slyssins voru þau, að stefnandi stóð uppi á vinnupalli, sem var um það bil þrír metrar á hæð, með sérstaka sandblástursslöngu og var að sandblása stálgrind undir hafnarbandi. Við verkið var stefnandi í sérstökum búningi og hafði á höfði ferskloftshjál, sem tengdur var slöngu með aðflutningi fersks lofts. Stefndi lýsti atvikum þannig fyrir dómi, að er hann kom að, þar sem stefnandi var að vinna, sá hann, að lyftari stóð við pallinn, þar sem stefnandi var að vinna, og var lyftarinn undir sandgusunni, sem kom frá tæki því, er stefnandi var að vinna við. Stefndi fór upp í lyftarann og hugðist fjarlægja hann frá vinnupallinum. Slöngurnar, sem stefnandi var að vinna með, höfðu flækst í lyftaranum, og er lyftaranum var bakkað, dróst stefnandi með slöngunum út af pallinum og féll niður á steipt planið. Að sögn stefnanda hafnaði hann á grúfu og hlaut áverka á nefi og vinstra hné. Hefði hann verið fluttur á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, þar sem komið hefði í ljós við lækni skoðun brot á vinstri hnéskel. Hann hefði verið settur í spelkur og verið í þeim í fjórar vikur. Þá hefði hann losnað við spelkurnar og honum tjáð, að brotið væri í lagi, það væri gróíð saman og að meiðslin ættu að jafna sig, og hann verið útskrifaður af spítalanum.

Hinn 28. september 1985 hrasaði stefnandi í stiga fjölbýlishúss í Breiðholti. Stefndi hefur lýst því atviki svo, að hann hafi verið að fara niður stiga, en stigið framarlega á eitt þrepið með hægra fæti, svo að hann settist í stigann þannig, að hné hefði bognað og smolið í því. Hann hefði komist

heim við illan leik og síðan á sjúkrahús. Þar hefði hann verið sendur í myndatöku og þá komið í ljós, að hnéð var þríbrotið. Tveimur eða þremur dögum síðar hefði hann verið lagður inn á Landspítala og gerður á sér uppskurður. Hann hefði verið sex vikur í gífsi eftir þetta og síðan farið í sjúkrahjálfun.

Afleiðingum þessa lýsir stefnandi svo, að vinstra hné sitt þoli ekkert álag, hann megir ekkert reyna á fótinn. Þetta háir sér við vinnu, þar sem hann þoli ekkert vinnuálag og eigi erfitt með að bera þunga hluti, sem hann þurfi oft að gera við vinnu sína. Hafi hann oft misst úr vinnu af þessum sökum. Áhugamál sín, knattspyrnu og hestamennsku, geti hann ekki lengur stundað vegna þeirra meiðsla, er hann hlaut á hné.

— — —

### *Niðurstaða.*

Fram hefur komið í málinu, að stefnandi varð fyrir slysi við vinnu sína hjá stefnda 12. ágúst 1985 og hlaut við það brot á vinstri hnéskel. Hinn 28. september s.á. hrasaði stefnandi í stiga og hlaut við það nýtt brot á sömu hnéskel, og eldra brot aflagaðist. Eins og áður greinir, er því haldið fram af hálfu stefnanda, að beint orsakasamband sé milli þessara atburða og síðara slysið sé bein afleiðing hins fyrra.

Þá hefur og komið fram, að áður en hið síðara slys varð, var allri læknis-meðferð vegna fyrra slyssins lokið, og hafði stefnanda verið tjáð, að brot á hnéskel væri gróið saman og meiðslin ættu að jafna sig. Hafði stefnandi hafið nám í skóla, og á kvöldin aðstoðaði hann eiginkonu sína við innheimtustörf og var við þau störf, er hann hrasaði í stiga í fjölbýlishúsi í Breiðholti og hlaut við það meiðsl, eins og áður er lýst.

Stefnandi reisir kröfur sínar á örorkumati Ólafs Jónssonar læknis, er mat örorku stefnanda 4. febrúar 1987. Samkvæmt örorkumatinu er örorka stefnanda metin eftir síðara slysið, en upphafstími örorkunnar miðaður við fyrra slysið, 12. ágúst 1985.

Sé litið til framburðar stefnanda fyrir dómi um aðdraganda slyssins, sem hann varð fyrir í septembermánuði 1985, þykir upplýst, að orsök þess, að stefnandi hrasar í stiga, hafi verið sú, að stefnandi stígur ógætilega niður á eitt þrepið með hægra fæti, sem veldur því, að hann hrasar með þeim afleiðingum, sem áður er lýst, og að þarna hafi því verið um óhappatilvik að ræða, sem stefnanda einum verði um kennt. Verður að leggja framburð stefnanda til grundvallar um málsatvik, enda þótt hann stangist á við ályktun þá, er kemur fram í vottorði Hjalta Á. Björnssonar læknis um sennilega orsök slyssins.

Þrátt fyrir það að afleiðingar þessa slyss hafi orðið alvarlegri en ella, þar sem vinstri hnéskel stefnanda hafði áður brotnað, og ósennilegt, að

síðara áfallið, sem stefnandi varð fyrir, hefði leitt til nokkurrar örorku, ef hnéð hefði ekki verið veikt fyrir vegna nýlegs brots, sbr. álykun læknaáðs frá 6. október 1987, þykir ekki sýnt fram á í málinu, að meiðsl þau, er stefnandi hlaut, er hann hrasaði í september 1985, séu sennileg afleiðing af slysi því, er hann varð fyrir í ágúst 1985 við vinnu sína hjá stefnda. Gegn andmælum stefnda verður bótaábyrgð því ekki lögð á stefnda vegna afleiðinga síðara slyssins.

Svo sem áður er rakið, var óskað umsagnar læknaáðs um það, hvort óhapp það, er stefnandi varð fyrir í september 1985, hefði aukið á örorku hans, og ef svo væri, þá hve mikið frá þeirri, er hann hlaut við slysið 12. ágúst 1985. Var ályktun læknaáðs sú varðandi þetta atriði, að slysið í september hefði aukið á örorku hans, en ekki hægt að segja til um, hversu mikið. Þar sem stefnandi reisir kröfur sínar eingöngu á örorkumati, er tekur mið af örorku stefnanda eftir síðara slysið, þykir með vísan til ályktunar læknaáðs hér á undan svo og þess, sem áður er rakið, verða að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 80.000 kr., þar með talinn sölu-skattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Helgi Þór Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Benedikts Steinþórssonar, í máli þessu.

Stefnandi, Benedikt Steinþórsson, greiði stefnda, Helga Þór Jóns-syni, 80.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.